# RE: Flutningur lögheimilis.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Axel Rodriguez Överby |
| **Frá** | : | Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is> |
| **CC** | : | Guðmundur Gunnarsson |
| **Heiti** | : | RE: Flutningur lögheimilis. |
| **Málsnúmer** | : | 2019080001 |
| **Málsaðili** | : | Hallgrímur Sveinsson |
| **Skráð dags** | : | 30.07.2019 15:23:40 |
| **Höfundur** | : | Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is> |

Sæll Axel.
Hér með fer ég undirritaður fram á að íbúðarhúsinu að Brekku verði breytt í skjölum Ísafjarðarbæjar úr heilsársbústað í íbúðarhús. Þetta var bara orð sem notað var á sínum tíma, en táknar að sjálfsögðu íbúðarhús. Nafnið heilsársbústaður segir þó eiginlega allt um málið. Það er hús sem búið er í allt árið um kring ef svo veltist. Allar teikningar og skjöl þessu viðkomandi eiga að vera í fórum Ísafjarðarkaupstaðar.

Orðið bústaður táknar samkv. íslenskri orðabók Menningarsjós heimili eða bólstaður. Heilsársbústaður hlýtur þá að
tákna áréttingu á því orði. Það kemur því ekki til greina að rétt sé að gera stór mál úr skilgreiningu á umræddum tveimur íslenskum orðum.
Þau tákna að mínu mati nákvæmlega það sama bæði tvö.
Með bestu óskum.
Hallgr. Sveinsson.

---

**From:** Axel Rodriguez Överby
**Sent:** 22. mars 2019 09:29
**To:** Hallgrímur Sveinsson
**Subject:** RE: Flutningur lögheimilis.

Sæll Hallgrímur

Ég er búinn að finna byggingarleyfisumsóknina fyrir Brekku, þ.v. sótt um að byggja heilsársbústað á sínum tíma m.v. umsókn dags. 20. ágúst 2001 og húsið skráð sem slíkt þ.e. sem bústaður.

Lög um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018 heimila einungis lögheimili í húsnæði sem er íbúðarhúsnæði. Sumarhús fellur ekki þar undir, það þarf að breyta skráningu hússins á þann veg að það fari úr flokki sumarhúsa í íbúðarhúsnæðisflokk.

Breytt skráning getur leitt til þess að fasteignagjöld og sorpgjöld geti hækkað, jafnframt þarf að skoða hvort íbúðarhúsið standist almennar kröfur sem eru gerðar til íbúðarhúsa m.t.t. til byggingareglugerðar.

Sé það ósk ykkar um að breyting sé gerð á skráningum húsnæðisins, þá þarf ég að fá formlegt erindi frá ykkur þess eðlis.

**Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingafulltrúi**
450 8000 - axelov@isafjordur.is

---

**From:** Hallgrímur Sveinsson [mailto:jons@snerpa.is]
**Sent:** fimmtudagur, 24. janúar 2019 12:06

**To:** Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>
**Subject:** RE: Flutningur lögheimilis.

Kærar þakkir Axel.
Sendi þeim línu.
Hallgr.

---

**From:** Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>
**Sent:** 24. janúar 2019 11:43
**To:** Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is>
**Subject:** RE: Flutningur lögheimilis.

Sæll Hallgrímur

Nú eru lögheimilisflutningar alfarið á borði Þjóðskrár, ég veit ekki af hverju þetta hefur skolast svona til í kerfinu hjá þeim. Ég tel að þetta sé einfaldlega mistök hjá Þjóðskrá, sem auðvelt er að bakfæra. Ef ekki þá er hægt að senda þeim flutningstilkynningu þ.e. eyðublað A-252

https://skra.is/umsoknir/eydublod-umsoknir-og-vottord/

kv. Axel

---

**From:** Hallgrímur Sveinsson [mailto:jons@snerpa.is]
**Sent:** miðvikudagur, 23. janúar 2019 16:13
**To:** Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>
**Subject:** FW: Flutningur lögheimilis.

Góðan daginn Axel.
Ég vænti þess að þið hjá byggingafulltrúa getið leyst þetta mál.
Við semsagt óskum eftir að lögheimilið verði áfram á Brekku eins og fram kemur göggt í erindinu.
Bestu kveðjur og þakklæti.
Hallgr. Sveinsson

---

**From:** Ragnar H. Sigtryggsson <ragnarh@isafjordur.is>
**Sent:** 23. janúar 2019 10:16
**To:** jons@snerpa.is
**Cc:** Guðmundur Gunnarsson <gudmundur@isafjordur.is>
**Subject:** RE: Flutningur lögheimilis.

Sæll Hallgrímur,

Þannig er staðan að um áramótin var verið að samkeyra þjóðskrá við önnur kerfi og leiðrétta skráningar miðað við þjóðskrá. Því varð Brekka að Brekkugötu 48.

Ef óskir eru um að breyta heitinu yfir í Brekku aftur, þá þarf að hafa samband við byggingarfulltrúa hjá okkur.

Hægt er að hafa samband við hann á netfangið axelov@isafjordur.is og hann ætti að geta leiðbeint þér um næstu skref.

Ekki hika við að hafa samband ef það er eitthvað fleira.

**Kveðja / Best Wishes**

**Ragnar Heiðar Sigtryggsson**
**Verkefnastjóri / Þjónustufulltrúi**
**Stjórnsýslu- og Fjármálasvið Ísafjarðarbæjar**

Sími: 450 8044
Netfang: ragnarh@isafjordur.is
Vefur: www.isafjordur.is

---

**From:** Guðmundur Gunnarsson
**Sent:** Monday, January 21, 2019 4:44 PM
**To:** Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is>
**Subject:** Re: Flutningur lögheimilis.

Sæll Hallgrímur og takk fyrir skeytið.
Ég er ekki sérlega fróður um lögheimilisflutninga eða reglur þar af lútandi. Enda eru þau mál á höndum þjóðskrár og ekki beint á okkar könnu.

Mér skilst þó að verið sé að gera breytingar á þessum skráningum um þessar mundir. Þar er ekki um eiginlega lögheimilisflutninga að ræða heldur er verið að samræma götuskipan. Ég skal bera þetta undir þá sem þekkja málið betur hér innanhúss og biðja um að málið verði skoðað. Starfsmaður Ísafjarðarbæjar mun hafa samband innan tíðar.

Kveðja,
GG

On 18 Jan 2019, at 14:50, Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is> wrote:

> Virðulegi bæjarstjóri.
> Samkv. bréfi frá Þjóðskrá Íslands, dags. 08. 01. 2019, hefur lögheimili okkar hjónanna verið flutt
> frá Brekku í Brekkudal að Brekkugötu 48 á Þingeyri, sem er húseign í okkar eigu.
> Þessi flutningur kemur okkur spánskt fyrir sjónir og viljum við hér með mótmæla honum og óskum við eftir að
> lögheimili okkar verði aftur flutt að Brekku. Á Brekku, þar sem konan er fædd og upp alin, höfum við dvalið meiri hluta árs og haldið heimili í mörg ár. Höfum við ekki hugsað okkur að breyta því. Með tilvísun til þeirrar staðreyndar væntum við að þessi beiðni okkar verði tekin til greina.
>
> Vinsamlegast
>
> Hallgrímur Sveinsson 280640-6119
> Guðrún Steinþórsdóttir 010338-4099

# RE: Flutningstilkynning (AG-FLU-306KK9)

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | 'Agla Guðbjörg Brynjarsdóttir' <aglag@skra.is> |
| **Frá** | : | Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is> |
| **CC** | : | Guðmundur Gunnarsson;Axel Rodriguez Överby |
| **Heiti** | : | RE: Flutningstilkynning (AG-FLU-306KK9) |
| **Málsnúmer** | : | 2019080001 |
| **Málsaðili** | : | Hallgrímur Sveinsson |
| **Skráð dags** | : | 30.07.2019 15:27:20 |
| **Höfundur** | : | Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is> |

**Viðhengi** Rökstuðningur vegna flutnings.docx

Takk fyrir það Agla.
Meðf. sendi ég þér rökstuðning okkar, sem ég sendi á Þjóðskrána í morgun.
Það merkilegasta í þessu máli er að hér er aðeins um eitt orð að ræða. Það er orðið heilsársbústaður í gögnum Ísafjarðarbæjar, í staðinn fyrir íbúðarhús. Stórmerkileg stjórnsýsla.
Umrætt hús er með öllum nútíma þægindum, enda höfum við búið í því í mörg ár.

Meðf. erindi sendi ég Ísafjarðarbæ í dag:

„Hér með fer ég undirritaður fram á að íbúðarhúsinu að Brekku verði breytt í skjölum Ísafjarðarbæjar úr heilsársbústað í íbúðarhús. Þetta var bara orð sem notað var á sínum tíma, en táknar að sjálfsögðu íbúðarhús. Nafnið heilsársbústaður segir þó eiginlega allt um málið. Það er hús sem búið er í allt árið um kring ef svo veltist. Allar teikningar og skjöl þessu viðkomandi eiga að vera í fórum Ísafjarðarkaupstaðar.
Orðið bústaður táknar samkv. íslenskri orðabók Menningarsjós heimili eða bólstaður. Heilsársbústaður hlýtur þá að
tákna áréttingu á því orði. Það kemur því ekki til greina að rétt sé að gera stór mál úr skilgreiningu á umræddum tveimur íslenskum orðum.
Þau tákna að mínu mati nákvæmlega það sama bæði tvö.“

En svona er lífið bara stundum.
Vinsamlegast
Hallgr. Sveinsson.

---

**From:** Agla Guðbjörg Brynjarsdóttir
**Sent:** 30. júlí 2019 14:46
**To:** 'jons@snerpa.is'
**Subject:** Flutningstilkynning (AG-FLU-306KK9)

Sæll Hallgrímur,

Þjóðskrá Íslands hefur móttekið flutningstilkynningu frá þér þar sem þú tilkynnir flutning að Brekku 471 Þingeyri. Ekkert íbúðarhúsnæði er skráð á þessu heimilisfangi og því er ekki hægt að skrá lögheimili þitt þar. Nauðsynlegt er að snúa sér til byggingarfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi ef óskað er eftir því að skráningu húsnæðisins verði breytt. Er flutningstilkynningunni því hafnað.
Verði skráningu húsnæðisins breytt þarf að senda inn nýja flutningstilkynningu.
Ákvörðun Þjóðskrár Íslands er kæranleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sbr. 26. gr.

stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa tölvupósts.

*Með kveðju / Best regards*
*Agla Guðbjörg*


--------------------------------------------------------------------------------
Agla Guðbjörg Brynjarsdóttir
Fulltrúi þjónustudeild / Customer service
**Þjóðskrá Íslands / Registers Iceland**
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Netfang/Email: aglag@skra.is, Sími/Tel.: +354 515 5300/ Web: http://skra.is


Um ábyrgð varðandi tölvupóst / Disclaimer



Um ábyrgð varðandi tölvupóst / Disclaimer

Þjóðskrá Íslands

Reykjavík 30. júlí 2019.

Efni:

Rökstuðningur vegna nauðungarflutnings:

Samkv. bréfi frá Þjóðskrá Íslands, dags. 08. 01. 2019, hefur lögheimili okkar hjónanna verið flutt frá Brekku í Brekkudal að Brekkugötu 48 á Þingeyri, sem er húseign í okkar eigu.

Þessi flutningur kemur okkur spánskt fyrir sjónir og viljum við hér með mótmæla honum harðlega. Óskum við eftir að lögheimili okkar verði aftur flutt að Brekku.

Brekka er lögbýlisjörð, 24 hundruð að fornu mati. Þar höfum við hjónin stundað búskap fram að þessu og höfum átt þar okkar lögheimili eftir að við fluttum frá Hrafnseyri 2005. Alltaf dvalið þar stóran hluta ársins, en höfum orðið af ýmsum ástæðum að dvelja á Þingeyri yfir há veturinn. Konan mín er fædd og uppalin á Brekku. Vestfirska forlagið hefur haft aðsetur á báðum stöðum og hefur enn. Umrætt hús var byggt sem íbúðarhús fyrir jörðina, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Heilsársbústaður eða íbúðarhús sem byggt var með öllu því sem tilheyrir.

Vinsamlegast

Hallgrímur Sveinsson 2806406119

Guðrún Steinþórsdóttir 0103384099

# FW: Flutningstilkynning (AG-FLU-306KK9)

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Guðmundur Gunnarsson |
| **Frá** | : | Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is> |
| **CC** | : | Axel Rodriguez Överby |
| **Heiti** | : | FW: Flutningstilkynning (AG-FLU-306KK9) |
| **Málsnúmer** | : | 2019080001 |
| **Málsaðili** | : | Hallgrímur Sveinsson |
| **Skráð dags** | : | 30.07.2019 16:27:34 |
| **Höfundur** | : | Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is> |

---

**From:** Agla Guðbjörg Brynjarsdóttir
**Sent:** 30. júlí 2019 14:46
**To:** 'jons@snerpa.is'
**Subject:** Flutningstilkynning (AG-FLU-306KK9)

Sæll Hallgrímur,

Þjóðskrá Íslands hefur móttekið flutningstilkynningu frá þér þar sem þú tilkynnir flutning að Brekku 471 Þingeyri. Ekkert íbúðarhúsnæði er skráð á þessu heimilisfangi og því er ekki hægt að skrá lögheimili þitt þar. Nauðsynlegt er að snúa sér til byggingarfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi ef óskað er eftir því að skráningu húsnæðisins verði breytt. Er flutningstilkynningunni því hafnað.

Verði skráningu húsnæðisins breytt þarf að senda inn nýja flutningstilkynningu.

Ákvörðun Þjóðskrár Íslands er kæranleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa tölvupósts.

*Með kveðju / Best regards*
*Agla Guðbjörg*


--------------------------------------------------------------------------------
Agla Guðbjörg Brynjarsdóttir
Fulltrúi þjónustudeild / Customer service
**Þjóðskrá Íslands / Registers Iceland**
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Netfang/Email: aglag@skra.is, Sími/Tel.: +354 515 5300/ Web: http://skra.is


Um ábyrgð varðandi tölvupóst / Disclaimer



Um ábyrgð varðandi tölvupóst / Disclaimer

# Rökstuðningur vegna flutnings.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | skra@skra.is <skra@skra.is> |
| **Frá** | : | Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is> |
| **CC** | : | Guðmundur Gunnarsson;Axel Rodriguez Överby |
| **Heiti** | : | Rökstuðningur vegna flutnings. |
| **Málsnúmer** | : | 2019080001 |
| **Málsaðili** | : | Hallgrímur Sveinsson |
| **Skráð dags** | : | 30.07.2019 11:00:54 |
| **Höfundur** | : | Hallgrímur Sveinsson <jons@snerpa.is> |

**Viðhengi** Rökstuðningur vegna flutnings.docx

Góðan dag.
Meðf. er rökstuðningur okkar vegna nauðungarflutnings, sbr. flutningstilkynningu okkar í gær.
Með bestu óskum.
Hallgr. Sveinsson.

Þjóðskrá Íslands

Reykjavík 30. júlí 2019.

Efni:

Rökstuðningur vegna nauðungarflutnings:

Samkv. bréfi frá Þjóðskrá Íslands, dags. 08. 01. 2019, hefur lögheimili okkar hjónanna verið flutt frá Brekku í Brekkudal að Brekkugötu 48 á Þingeyri, sem er húseign í okkar eigu.

Þessi flutningur kemur okkur spánskt fyrir sjónir og viljum við hér með mótmæla honum harðlega. Óskum við eftir að lögheimili okkar verði aftur flutt að Brekku.

Brekka er lögbýlisjörð, 24 hundruð að fornu mati. Þar höfum við hjónin stundað búskap fram að þessu og höfum átt þar okkar lögheimili eftir að við fluttum frá Hrafnseyri 2005. Alltaf dvalið þar stóran hluta ársins, en höfum orðið af ýmsum ástæðum að dvelja á Þingeyri yfir há veturinn. Konan mín er fædd og uppalin á Brekku. Vestfirska forlagið hefur haft aðsetur á báðum stöðum og hefur enn. Umrætt hús var byggt sem íbúðarhús fyrir jörðina, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Heilsársbústaður eða íbúðarhús sem byggt var með öllu því sem tilheyrir.

Vinsamlegast

Hallgrímur Sveinsson 2806406119

Guðrún Steinþórsdóttir 0103384099